

Ed.

563. Nefndarálit

[15. mál]

um frv. til 1 um breyt á lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefndarmenn greindi á um þetta frumvarp, sem er lagt fram af ríkisstjórninni til staðfestingar á bráðabirgðalögum frá 1. ágúst 1961.

Efni bráðabirgðalaganna er, að Seðlabankinn ákveði „að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, stofngengi íslenzku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli“. Með lögnum er því gengisskráningarvið tekið af Alþingi og afhent Seðlabankanum.

Meiri hluti fjárhagsnefndar vill, að bráðabirgðalögin verði samþykkt óbreytt. Meiri hlutann skipa þrír stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar (JP, MJ, ÓB).

Við, hinir nefndarmennirnir (undirritaður og BjörnJ), teljum, að Alþingi eigi ekki að staðfesta frumvarpið, og skilum um það sérálitum.

Frumvarpið var lagt fram í upphafi þings og er því búið að velkjast í þinginu hátt á fimmta mánuð. Þessi langi tími stafar af því, að frumvarpið hefur haft mikinn móthyr. Nú bita stjórnarflokkarnir á jaxlinn, — ýta hvor á annan — og herða lífróðurinn til að ná landi með þetta ólánsfar sitt og hinn svonefnda „kálf“, sem við það er bundinn og syndir í kjölfarið, — en „kálf“ hafa þingmenn yfirleitt kallað frumvarp á þskj. 13, sem er „frumvarp til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu“ — líka til staðfestingar á bráðabirgðalögum, útgefnum 3. ágúst 1961.

Um „kálfinn“ ræði ég ekki frekar á þessu þingskjali. Hann er bráðabirgðalög, sem stjórnskipulega var heimilt að setja, þótt illu heilli væri gert, eins og sakir stóðu.

Hins vegar var óheimilt samkvæmt stjórnarskránni að taka með bráðabirgðalögum gengisskráningarvið af Alþingi og fela það Seðlabankanum.

Stjórnarskráin (28. gr.) heimilar útgáfu bráðabirgðalaga með svofelldum ákvæðum:

„Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.“

Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.“

Ljóst er af ákvæðunum, að ekki má samkv. grundvallarlögnum — stjórnarskránni — gefa út bráðabirgðalög nema „milli þinga“ og aðeins „þegar brýna nauðsyn ber til“.

Engin haldbær rök finnast fyrir því, að „brýna nauðsyn“ hafi verið á því að fela Seðlabankanum gengisskráningarvið í sumar sem leið. Ríkisstjórnin hafði sjálf það vald „milli þinga“, ef hún taldi nýja gengisskráningu „brýna nauðsyn“.

Eftirtektarvert er, að forseti Íslands „gerir kunnugt“, um leið og hann setur bráðabirgðalögin, að viðskiptamálaráðherra, sem biður um setningu laganna, tjái, að það „þygi eðlilegast, að Seðlabanki Íslands“ — — „skrái gengi íslenzkrar krónu“.

Sjálf ríkisstjórnin hefur þá þegar fundið, að um „brýna nauðsyn“ var ekki að ræða.

Útgáfa þessara bráðabirgðalaga brýtur í bág við stjórnarskrá Íslands.

Alþingi má ekki sóma síns vegna staðfesta slík lög og opna þar með vegna fordæmisins upp á gátt fyrir brotum á 28. gr. stjórnarskrárinnar eftirleiðis.

Ég legg til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 31. marz 1962.

Karl Kristjánsson.